

Nr. 146 / 12 Beggi Gísla ÍS 54**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7478
Smíðaður: Hafnarfirði 1998 plast
Stærð: 4,89 brl. 5,68 bt.
Mesta lengd: 9,49 m Skráð lengd: 8,58 m
Breidd: 2,49 m Dýpt: 0,89 m
Vél: Volvo Penta 190 kW 1998
Fjöldi skipverja: 1



Beggi Gísla ©Skip.is

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. september 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 23. september 2013 var Beggi Gísla ÍS 54 á siglingu í Ísafjarðardjúpi. Veður: Logn.


Á siglingu frá Bolungarvík á miðin fór aðvörunarkerfi vélarinnar í gang þegar komið var rúmar sjö sjómílu vestur úr Djúpinu. Skipstjóri sá á vatnshitamæli í stjórnborði að það sauð á vélinni. Hann stöðvaði hana þegar en þar sem erfitt var að komast að vélarúminu sökum fiskikara kallaði hann á strandstöð til að fá aðstoð til lands.

Farþegabáturinn Sædís kom og dró Begga Gísla til Bolungarvíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að þegar ástand í vélarrúminu var skoðað kom í ljós að lekið hafði út með áspétti (pakkdós) á kælivatnsdælunni. Þegar kælimiðillinn minnkaði á vélinni fékk afgangreinin síðast kælingu svo sprunga kom í kælivatnskápu greinarinnar og kælimiðillinn sprautaðist inn í afgasið. Þegar þrýstingur féll sauð á vélinni;
- að í handbók vélaframleiðanda eru ekki leiðbeiningar um keyrslutíma á kælivatnsdælunni áður en huga þarf að þakningu og legum;
- að skipstjóri sagðist hafa orðið var við að einhver leki væri af kælikerfi vélarinnar en ekki fundið hann. Hæðartankur sé á afturpili inni í stýrishúsinu og þar geti hann fylgst með hversu mikill vökvi sé í tanknum. Þegar vélin er köld hverfur vatnið nánast niður úr tanknum eða er neðst í honum en þegar vélin hitnar þá kemur vatnið upp í tankinn sagði hann;

- að tankurinn er með merkingum fyrir lágmarks og hámarks vökvamagn (*Sjá mynd*). Honum er lokað með skrúfuðum tappa búnum yfirþrýstingsventli. Vélaframleiðandi ráðleggur að tappinn sé ekki opnaður þegar vélin er heit. (*þá gæti heitur miðillinn sprautast út og eða soðið á henni við þrýstifallið*) Því ætti ávallt að bæta á tankinn þegar kerfið er kalt.



Nefndarálit:

Orsök bilunar var leki með áspétti (pakkdós) kælivatnsdælu.

Nefndin bendir vélgæslumönnum á nauðsyn fyrirbyggjandi viðhalds og bregðast strax við ef eitthvað bendir til bilunar.